

37. fundur umhverfis,- skipulags- og bygginganefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, þriðjudaginn 23. mars 2010.

Mætt: Steinn Karlsson, Sigurður J. Jónsson, Kristján Úlfarsson, Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri. Áki H. Guðmundsson var í símasambandi.

Fundur hófst kl. 18:15.

Á dagskrá er sorphirða í Langanesbyggð.

Jón Frantzón frá Íslenska gámafélaginu kom á fundinn og kynnti starfsemi Íslenska gámafélagsins í sorphirðu og fór yfir „Tillögur og tilboð Íslenska gámafélagsins fyrir Langanesbyggð um framtíðarlausn í sorphirðumálum.“ Innifalið í tilboði er:

- Leiga á öllum tunnum.
- Sorphirða frá öllum heimilum í sveitarfélaginu, 2 í mánuði í þéttbýli og einu sinni í mánuði í dreifbýli.
- Rekstur gámasvæðis.
- Leiga á öllum gámum og körum á gámasvæði, 4 opnir, 3 lokaðir og skipagámar.
- Kostnaður við undirbúning á urðunarsvæði, (urðunarreinar og geymslusvæði járn og timbers).
- Auk þess myndi ÍG taka að sér urðun á urðunarstað og flutning til urðunarstaðar frá gámasvæði. Einingaverð fyrir hverja ferð frá gámasvæði að urðunarstað .
- Einingaverð fyrir hverja klst. við urðun á urðunarstað .
- Innihald Grænu tunnunnar verður eign Íslenska gámafélagsins.

Kynningarkostnaður er ekki innifalinn í tilboðsverði.

USB mun kynna sér lausnir í sorpmálum hjá fleiri aðilum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:25